



GRAFÍA

Stéttarfélag í prent-
og miðlunargreinum

KAUPTAXTI

frá og með 1. apríl 2022

Samkvæmt kjarasamningi milli
GRAFÍU – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum
og Samtaka atvinnulífsins.

Úr kjarasamningi GRAFÍU og Samtaka atvinnulífsins frá 3. maí 2019.

Forsendunefnd ASÍ og SA hefur ákveðið að hagvaxtaraukinn komi til greiðslu 1. maí líkt og kveðið er á um í samningum. Launataxtar munu hækka um 10.500 kr. og almenn laun um 7.875 kr. frá 1. apríl og koma til greiðslu 1. maí

5. gr. Hagvaxtarauki

Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa.

Útreikningur launaaukans byggir á bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

Launaaukinn bætist bæði við mánaðarlaunataxta kjarasamninga og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Neðangreind tafla sýnir fjárhæð launaaukans og forsendur hans.

Verg landsframleiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launaauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga	Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 - 1,50%	3.000 kr.	2.250 kr.
1,51 - 2,00%	5.500 kr.	4.125 kr.
2,01 - 2,50%	8.000 kr.	6.000 kr.
2,51 - 3,00%	10.500 kr.	7.875 kr.
> 3,0%	13.000 kr.	9.750 kr.

Við ákvörðun launaauka vegna árána 2019-2022, sem koma til framkvæmdar árin 2020-2023, skal taka tillit til uppfærðra bráðabirgðatalna fyrrir þau ár sem lögð hafa verið til grundvallar við útreikning launaaukans. Launaaukinn greiðist 1. maí.

Launa- og forsendunefnd ákvarðar fjárhæð launaaukans verði tilefni til greiðslu hans.

Inngangur - megininntak

Kjarasamningurinn felur í sér sérstaka áherslu á kjarabætur til iðnaðarmanna með lægstu launin. Launahækkunir samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana á kauptaxta og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Auk þess eru tekin markviss skref til styttingar vinnutíma á Íslandi og þar með aukinna lífsgæða.

Eitt meginmarkmið kjarasamningsins er að stuðla að vaxtalækkun sem gagnast heimilunum og atvinnulífinu einkar vel. Að mati samningsaðila skapar samningurinn rými fyrir vaxtalækkun sem eykur ráðstöfunartekjur heimila og auðveldar fyrirtækjum að standa undir launahækkunum sem felast í kjarasamningnum. Þá stuðlar vaxtalækkun að lækkun húsaleigu.

Ein forsenda góðra kjara launafólks og fullrar atvinnu er samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Markmið aðila er að standa vörð um kaupmátt launa og stuðla að lágri verðbólgu og lægri vöxtum til frambúðar.

Í samningnum felst bein tenging milli svigrúms atvinnulífsins til launabreytinga og hækkunar launa. Ákvæði um launaauka vegna framleiðniaukningar tryggir launafólki hlutdeild í ávinningi þegar landsframleiðsla á hvern íbúa eykst umfram tiltekin mörk.

Samningurinn tryggir einnig að launafólk sem tekur laun samkvæmt umsömdum launatöxtum fylgi almennri launaþróun verði umtalsvert launaskrið á almennum vinnumarkaði.

Samningsaðilar vilja treysta í sessi heilbrigðan vinnumarkað þar sem brot á launafólki líðast ekki með því að lögfestar verði aðgerðir gegn kennitöluflakki og félagslegum undirboðum sem jafnframt tryggja jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Gildistími er frá 1. apríl 2019 – 1. nóvember 2022.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2022 98.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr. 53.000.

Breytingar á ákvæðum kjarasamnings

Frá 1.1.2022 tekur gildi einhliða ákvörðun starfsmanna um að stytta vinnutímann, þar sem ekki er búið að semja um vinnutíma-styttingu í samræmi við grein 3.1.2. í kjarasamningi um styttingu vinnutímans.

Grein 5.13 í kjarasamningum Fagfélaganna og SA.

Staðlaður, valkvæður fyrirtækjaþáttur (gildir frá 1.1.2022)

Hafi ekki verið gert samkomulag á grundvelli þessa kafla um fyrirkomulag vinnutíma geta starfsmenn fyrirtækis kosið um upp-töku staðlaðs fyrirtækjaþáttar kjarasamnings. Í staðlaða fyrirtækjaþættinum felst 36 stunda og 15 mínútna virkur vinnutími á viku að jafnaði (virkur vinnutími að jafnaði 7 klst. og 15 mín. á dag).

Náist ekki samkomulag um fyrirkomulag styttingar verður virkur vinnutími á dag 7 klst. og 15 mínútur. Deilitala til útreiknings tíma-kaups verður 157,08 og greiðist yfirvinna 2 fyrir vinnu umfram 40,25 klst. á viku að meðaltali á mánuði / launatímabili. Dagleg viðvera á vinnustað er virkur vinnutími að viðbættum tíma sem starfsmaður er ekki við störf.

Það að taka upp staðlaðan, valkvæðan fyrir-

tækjaþátt skv. grein 5.13 hefur ekki áhrif á kaffitíma en ef kaffi tímum hefur verið breytt þá eigi vinnutími að vera 36 klst.

Uptaka staðlaðs fyrirtækjaþáttar hefur ekki áhrif á vinnutíma á vinnustöðum þar sem virkur vinnutími er styttri en 36 stundir og 15 mínútur.

Fyrsta skrefið til að nýta þetta ákvæði er að hafa samband við þitt Stéttarfélag

A Líta greina núverandi vinnutíma.

B Fá svar um hvað er mikið rými til styttingar

C Fá svör um næstu skref.

Fyrir hafði átt sér stað gildistaka 1. apríl 2020 og 1. janúar 2021 um virkan vinnutíma, styttingu vinnuvikunnar í 36 klst skv. samkomulagi og breyting á aukavinnu.

Virkur vinnutími

Við upptöku virks vinnutíma eru 37 klst. greiddar að jafnaði á viku m.v. fullt starf í stað 40 klst. og deilitala dagvinnutíma-kaups verður 160 í stað 173,33. Tímakaup í dagvinnu hækkar því um 8,33% eða sem nemur greiðslu fyrir kaffitíma sem færast yfir í tímakaup fyrir virkan vinnutíma, **kaffitimar verða áfram teknir með sama fyrirkomulagi og áður, 35 mínútur á hverjum virkum degi.** Ef færri tímar eru greiddir á viku / mánuði m.v. fullt starf skal reikna hækkun þannig að dagvinnulaun fyrir 37 klst. á viku / 160 klst. á mánuði verði þau sömu og áður var greitt fyrir fleiri tíma. Þar sem starfsmaður nýtur aukagreiðslna m.v. 40 klst. á viku (t.d. verkfæra- eða fatagjalds) taka þær hækkun 8,33% til samræmis.

Engar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi kaffihléa í yfirvinnu, þau verða áfram greiddur tími og sé unnið í þeim greiðist tilsvarendi lengri tími sem unninn er.

Kauptaxti GRAFÍU frá og með 1. apríl 2022

Almenn launahækkun kr. 7.875

Deilitala dagvinnu er 156 ef vinnuvikan er 36 klst. (stytting vinnuvikunnar)

Deilitala dagvinnu er 157,08 ef vinnuvikan er 36,15 (7 tímar og 15 mínútur pr. dag)

	Mánaðarlaun	Dagvinna Deilitala 156	Dagvinna Deilitala 157,08	Yfirvinna 1 1,00%	Yfirvinna 2* 1,15%
Sveinar					
Byrjunarlaun	482.598 kr	3093,58	3072,31	4825,98	5549,88

Iðnaðarmenn með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistaráttindi.

Iðnaðarmenn með tvöfalt sveinspróf sem bæði nýtast í starfinu.

Laun	502.522 kr	3221,29	3199,15	5025,22	5779,00
------	------------	---------	---------	---------	---------

Flokkstjóri/Vaktstjóri 15% álag*

Laun	577.900 kr	3704,49	3679,02	5779,00	6645,85
------	------------	---------	---------	---------	---------

*Dæmi um svein með 5 ára starfsreynslu sem er ráðinn skv. ákvæði 2.7

Iðnaðarmenn án sveinsprófs

Byrjunarlaun	431.668 kr	2767,10	2748,08	4316,68	4964,18
--------------	------------	---------	---------	---------	---------

Aðstoðarfólk

Byrjunarlaun	367.820 kr	2357,82	2341,61	3678,20	4229,93
Eftir 1 ár	371.409 kr	2380,83	2364,46	3714,09	4271,20
Eftir 3 ár	375.107 kr	2404,53	2388,00	3751,07	4313,73
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	379.030 kr	2429,68	2412,97	3790,30	4358,85

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum með mikla faglega reynslu

Byrjunarlaun	375.760 kr	2408,72	2392,16	3757,60	4321,24
Eftir 1 ár	376.987 kr	2416,58	2399,97	3769,87	4335,35
Eftir 3 ár	379.590 kr	2433,27	2416,54	3795,90	4365,29
Eftir 5 ár	383.499 kr	2458,33	2441,42	3834,99	4410,24

Starfsþjálfunarnemar

Fyrstu 6 mán. starfsþj.	367.354 kr	2354,83	2338,64	3673,54	4224,57
Eftir 6 mán. starfsþj.	378.005 kr	2423,11	2406,45	3780,05	4347,06

Mánaðarlaun**Dagvinna****Dagvinna****Yfirvinna 1****Yfirvinna 2***

Deilitala 156

Deilitala 157,08

1,00%

1,15%

Vakt. 20% jafnaðarálag, tvískiptar 5 daga vaktir

Sveinar	579.118 kr	3712,29	6659,86
---------	------------	---------	---------

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	452.384 kr	2899,90	5202,42
Eftir 5 ár	460.199 kr	2949,99	5292,29

Vakt. 22% jafnaðarálag, þrískiptar 5 daga vaktir

Sveinar	588.770 kr	3774,17	6770,86
---------	------------	---------	---------

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	459.924 kr	2948,23	5289,13
Eftir 5 ár	467.869 kr	2999,16	5380,49

Vakt. 24% jafnaðarálag, tvískiptar 7 daga vaktir

Sveinar	598.422 kr	3836,04	6881,85
---------	------------	---------	---------

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	467.464 kr	2996,56	5375,84
Eftir 5 ár	475.539 kr	3048,33	5468,70

Vakt. 27% jafnaðarálag, þrískiptar 7 daga vaktir

Sveinar	612.899 kr	3928,84	7048,34
---------	------------	---------	---------

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	478.773 kr	3069,06	3492,36
Eftir 5 ár	487.044 kr	3122,08	3563,99

*Yfirvinna 2 er greidd í vaktavinnu

Breyting á yfirvinnuálagi frá 1.1. 2021

Yfirvinna 1

Yfirvinna 1 er greidd fyrir fyrstu fyrstu 4 klst á viku að jafnaði eða 17,33 klst á mánuði. Álag á yfirvinnu 1 er 1,00% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Yfirvinna 2 er greidd umfram það og alltaf í vaktavinnu.

Yfirvinna 2

Yfirvinna 2 greiðist fyrir alla tíma umfram 17,33 yfirvinnutíma á mánuði og á nóttunni á milli kl. 00:00-06:00. Álag á yfirvinnu 2 er 1,15% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Mánaðarlaun	Álag	Tímakaup
533.750 kr.	1,00%	5.337 kr.
533.750 kr.	1,15%	6.138 kr.

Stytting vinnuvikunnar

Starfsmenn eiga rétt á að fram fari viðræður um vinnutímastyttingu í 36 virkar vinnustundir á viku að jafnaði samhliða niðurfellingu kaffitíma skv. gr. 3.1.2 í kjarasamningi.

Stjórnendur fyrirtækja geta einnig óskað eftir viðræðum.

Ef samkomulag verður á milli aðila vegna bættrar nýtingar vinnutíma og aukinnar framleiðni skiptist ávinningur milli starfsmanna og atvinnurekanda, hlutdeild starfsmanna felst í viðbótarstyttingu virks vinnutíma um 13 mín á dag eða 65 mín á viku.

Viðbótarstytting virks vinnutíma:

Náist samkomulag um styttingu vinnuvikunnar verður virkur vinnutími 36 klst. á viku, án skerðingar mánaðarlauna (deilitala dagvinnutímakaups 156 í stað 160 með 2,56% hækkun dagvinnutímakaups).

Yfirvinna 1 greiðist áfram af fyrstu 4 klst á viku að jafnaði umfram 36 klst í dagvinnu eða 17,33 klst á mánuði.

Stéttarfélagin sem standa að þessum kjarasamningum eru tilbúin að veita aðstoð við útfærslu og vera félagsmönnum sínum innan handar við styttingu vinnuvikunnar.

Úr kjarasamningi GRAFÍU og FA/SÍA frá 21. maí 2019.

Almenn launahækkun

Forsendunefnd ASÍ og SA hefur ákveðið að hagvaxtaraukinn komi til greiðslu 1. maí líkt og kveðið er á um í samningum. Launataxtar munu hækka um 10.500 kr. og almenn laun um 7.875 kr. frá 1. apríl og koma til greiðslu 1. maí

5. gr. Hagvaxtarauki

Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmd-

ar launauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa.

Útreikningur launaukans byggir á bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

Launaukinn bætist bæði við mánaðarlaunataxta kjarasamninga og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Neðangreind tafla

sýnir fjárhæð launaaukans og forsendur hans.

Verg landsframléiðsla á hvern íbúa, hækkan milli ára	Launaauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga	Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 - 1,50%	3.000 kr.	2.250 kr.
1,51 - 2,00%	5.500 kr.	4.125 kr.
2,01 - 2,50%	8.000 kr.	6.000 kr.
2,51 - 3,00%	10.500 kr.	7.875 kr.
> 3,0%	13.000 kr.	9.750 kr.

Við ákvörðun launaauka vegna árána 2019-2022, sem koma til framkvæmdar árin 2020-2023, skal taka tillit til uppfærðra bráðabirgðatalna fyrir þau ár sem lögð hafa verið til grundvallar við útreikning launaaukans. Launaaukinn greiðist 1. maí.

Launa- og forsendunefnd ákvarðar fjárhæð launaaukans verði tilefni til greiðslu hans.

ATH: Stytting á vinnutíma – 1. apríl 2020

Ný deilitala dagvinnu verður 152, í stað 156. Þannig styttest vinnuvikan um 1 klst úr 36 tímum að meðaltali í 35 tíma.

Dagvinnulaun hækka um 2,6% - mánaðarlaun óbreytt

Dæmi um 600.000 kr. laun sem hækka um 18.000 kr. 1. apríl 2020.

Launataxtar 1. apríl 2022

Almenn launahækkan kr. 7.875

	Mánaðarlaun	Dagvinna Deilitala 152	Yfirvinna 1 1,00%	Yfirvinna 2 1,15%
1. flokkur byrjunarlaun	488.849 kr	3.216 kr	4.888 kr	5.622 kr
2. flokkur eftir 1 ár	520.719 kr	3.426 kr	5.207 kr	5.988 kr
3. flokkur eftir 4 ár	547.119 kr	3.599 kr	5.471 kr	6.292 kr
4. flokkur eftir 6 ár	586.903 kr	3.861 kr	5.869 kr	6.749 kr

Mánaðarlaun	Deilitala	Tímakaup
618.000 kr.*	152	4.066 kr.

Dagvinnutímabil verður 07.00 – 18.00 (breytist úr 09.00 – 18.00 á mánudögum og 9.00 til 17.00 aðra daga)

1.4.2020 - Yfirvinnuprósentur

Yfirvinna 1: 1,00% af mánaðarlaunum

Yfirvinna 2: 1,15% af mánaðarlaunum

Raunveruleg stytting vinnutíma er 1 klst á viku. Réttur til 20 mínútna kaffitíma á dag er óbreytt í kjarasamningi.

Vinnudagur 7 klst að jafnaði.

Yfirvinna 1

Gildir um fyrstu 17,33 klst á launatímabili/mánuði að meðaltali.

Yfirvinna 2 (hærra álag)

Greiðist af vinnu umfram 169,33 á launatímabili/mánuði!

Gildir alltaf á nóttunni, frá kl. 00:00 - 06:00

Hækkanir launaliða

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr. 53.000.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2022 98.000 kr.



ATH innheimta iðgjalda vegna félagsmanna GRAFÍU færðist frá RSÍ til Birtu lífeyrissjóðs frá og með 1. janúar 2021.

Ábendingar:

1. Félagsgjald allra félagsmanna er 1% af öllum launum á mánuði.
2. 1% iðgjald til Sjúkrasjóðs reiknast af öllum launum. (Þ.e. grunnlaun + yfirborgun + aukavinna).
3. Iðgjald til Fræðslusjóðs GRAFÍU er kr. 1.250 á mánuði af öllum félagsmönnum GRAFÍU í fyrirtækinu.
4. 0,25% iðgjald til Orlofsheimilásjóðs reiknast af öllum launum.
5. 1,1% iðgjald til Prenttæknisjóðs greiðist af öllum launum.
6. Iðgjald til Birtu lífeyrissjóðs. Starfsmaður greiðir 4% iðgjald til lífeyrissjóðs af öllum launum og atvinnurekandi með sama hætti 11,5% .
7. Séreignarsparnaður. Mótframlag vinnuveitenda skal vera 2% gegn 2-4% framlagi starfsmanns.
8. Atvinnurekandi greiðir 0,1% endurhæfingarsjóð til Birtu lífeyrissjóðs.

Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Eindagi er síðasti dagur þess mánaðar. Eftir þann tíma skulu vangoldin iðgjöld innheimt með dráttarvöxtum frá gjalddaga.

ATH: iðgjaldaskil:

Birta lífeyrissjóður – Sundagörðum 2 – 104 Reykjavík

Bankareikningur: 526-26-400800 – Kennitala: 430269-0389

Nánari upplýsingar á birta.is

Við hvetjum félagsmenn til að fara yfir launaseðla og hafa samband ef kjarasamningsbundnar hækkningar launa og breytingar ákvæða ganga ekki eftir.